

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. des. 2007

Stjórn Prestafélags Íslands hefur tekið til skoðunar þau sex þingmál Alþingis sem féluginu hafa borist til umsagnar. Viðbrögð stjórnar PÍ eru sem hér segir:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 141/2003 um eftirlaun æðstu embættismanna, 155. mál

Stjórn PÍ styður frumvarpið heilshugar og telur eðilegt að um þessa hópa æðstu embættismanna gildi sömu reglur um lífeyrisréttindi og hjá ríkisstarfsmönnum almennt.

2. Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum o. fl., 149. mál

Stjórn PÍ vísar í umsögn sína frá nóv. 2005 um breytingu á barnalögum:

„Stjórn PÍ er hlynnt því fyrirkomulagi að sameiginlegt forræði sé meginregla en bendir jafnframt á nauðsyn þess að veita foreldrum fræðslu um hvað í sameiginlegu forræði felst og fylgja þeim og börnunum betur eftir með það að leiðarljósi að sameiginlega forræðið gangi upp og hagur og velferð barnanna sé í fyrirrúmi.“

Stjórn PÍ styður 149. mál á yfirstandandi þingi að því tilskildu að allar breytingar á lögum styrki stöðu barnanna sem um ræðir. Ákvæði um sameiginlegt forræði, jafna umgengni og tvöfalt lögheimili mega hvorki ýta undir rótleysi né vera á kostnað þess öryggis sem hverju barni er nauðsynlegt í uppvextinum.

3. Tillaga til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 7. mál

Stjórn PÍ styður tillöguna og hvetur til þess að hún verði samþykkt.

4. Frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 46. mál

Stjórn PÍ er andsnúin þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpinu og telur fullkomlega eðlilegt að þeir, sem njóta góðs af störfum stéttarfélags, greiði þangað sanngjart þjónustugjald þótt þeir kjósi að eiga ekki aðild að féluginu.

X 5. Frumvarp til laga um réttindi samkynhneigðra, 18. mál


Um þetta mál eru mjög skiptar skoðanir meðal presta eins og fram hefur komið í opinberri umræðu, sem og á prestastefnu og kirkjupingi 2007. Innan stjórnar PÍ eru mjög mismunandi skoðanir í málinu.

6. Frumvarp til laga um kjararáð, 237. mál

Stjórn PÍ lætur nægja að vísa í umsögn sína frá vori 2006 þegar samþykkt voru núgildandi lög um kjararáð:

„Þá staldrar stjórn PÍ við ákvæði 5. gr. um að kjararáð eigi sjálft að ákveða hverjum það úrskurðar laun. Vandséð er hvernig þetta er framkvæmanlegt og á grundvelli hvaða forsendna kjararáð ætti að fækka þeim sem undir það heyra frá því sem nú er og álitamál hvort ekki ætti að telja upp í lagatexta þá aðila sem eiga að heyra undir kjararáð - að því undanskildu að einhverjir þeirra kjósi frekar samningsrétt.“

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Prestafélags Íslands,



sr. Ólafur Jóhannsson, formaður